



Málsnúmer 1607216

Hafnarfirði, 02.07.2020

## Íbúafundur þann 1. júlí, Norðurhelli 2, kl.17:00.

*Efni fundar : Kynning á verkinu Vallaræsi – jarðvinna og lagnir.*

### Fundinn sátu:

- Guðmundur Elíasson umhverfis- og veitustjóri Hafnarfjarðar
- Jón Skúli Indriðason frá verkfræðistofunni Eflu
- Skarphéðinn Ómarsson frá Háfelli ehf
- Agnar Óskarsson frá Háfelli ehf
- Daníel Gunnarsson frá Háfelli ehf
- Ólafur Ingi Tómasson formaður skipulags- og byggingaráðs
- Fundinn sóttu um það bil 15 íbúar úr nærliggjandi húsum.

### Kynning á forsendum, áfangaskiptingu og áhrifum

Jón Skúli Indriðason kynnti verkefnið forsendur þess, áfangaskiptingar og hvaða áhrif verkefnisins koma til með að hafa á næsta nágrenni við framkvæmdina. Í kynningunni kom fram hvar fyrirhugað stofnræsi eigi að liggja. Gert er ráð fyrir að verkið verði í tveimur áföngum. Fyrri hluti á þessu ári sem nær frá Hraunvallaskóla niður að göngustíg er liggur við Furuvelli í vesturendanum og frá Nóntorgi undir Ásvallabraut og að göngustíg í austurendanum. Seinni áfangi verði 2021 og verði þá verkið klárað.

### Sjónarmið sem fram komu á fundi

Í umræðum og fyrirspurnum eftir kynningu komu eftirfarandi sjónarmið fram:

Leggja þarf áherslu á að gengið verði frá gróðri og öðru í landi svo að það rask sem verður vegna framkvæmdanna valdi sem minnstum sjónrænum áhrifum og umhverfið (gróður) geti náð sér á strik hið fyrsta. Sérstaklega kom fram óánægja með að hraungjóta í nágrenni við Fífuvelli 41 skaðist af framkvæmdinni og rætt að rétt sé að fara í mótvægisáðgerðir vegna skaðans þegar framkvæmdum á því svæði er lokið. Einnig var bent á að haldið verði til haga holtagrjóti við Grísanes (á móts við Furuvelli 26-36 og 38) og því komið fyrir aftur í hlíðinni eftir framkvæmdir.



## HAFNARFJÖRÐUR

Vatnssöfnun sem á sér stað á opnu svæði milli Fífuvalla og Burknavalla er áhyggjuefni. Vatn kemur niður frá Skarðshlíð og Grísanesi, safnast saman og getur á endanum valdið vatnstjóni á þeim húsum sem liggja næst göngustígnum. Fram kom að sjálft skurðstæðið, þegar búið verður að fylla í það aftur kemur til með að virka sem púkk og getur framkvæmdin verið til bóta að því leyti. Einnig kom fram að í útboðsgögnum er gert ráð fyrir að boraðar verða holur ofan í hraunið til að leitast við að leiða ofanvatn þar niður svo koma megi í veg fyrir uppsöfnun vatns á svæðinu.

Bent var á að rétt væri að borun fari fram í fyrsta áfanga þannig að meta megi árangur af þeim áður en verkinu er lokið.

Rætt var um akstur vinnuvéla eftir stígum og götum. Fram kom að slíkt væri alveg bannað og ætti ekki að eiga sér stað nema í algerum undantekningartilvikum og þar sem annað er ekki mögulegt.

Rætt var um aðgengi að upplýsingum og benti veitustjóri á að á heimasíðu Hafnarfjarðar verði upplýsingar um verkið settar inn <https://www.hafnarfjordur.is/ibuar/framkvaemdir/stofnraesi-valla>.

Fram komu áhyggjur af skemmdum á húsum, veggjum og steiptum plönum vegna sprenginga. Undirverktaki Háfells sem sér um sprengingar er Borgarvirki ehf. og bjóða þeir upp á myndatökur utandyra hjá þeim sem þess óska. Fram kom að rétt geti verið að húseigendur hafi samband við sitt tryggingafélag til að fá ráðgjöf varðandi hugsanlegar skemmdir.

Fundi slitið kl.18:15.